

52. fundur

Skipulags- og byggingarnefnd hélt fund fimmtudaginn 6. nóvember 2003 í fundarsal ráðhússins kl. 18:15.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, formaður.
Dagný Þórisdóttir,
Helgi Haraldsson,
Guðmundur Kristinsson,
Þorgrímur Kristinsson,
Þorbergur Bæringsson, slökkviliðsstjóri,
Sveinn Björnsson, byggingarfulltrúi.

Formaður setti fund og stýrði.

1. Reitarvegur 5. Stækkun á iðnaðarhúsnæði.
Sigurður Ág. Kristjánsson sækir um leyfi til stækkunar á umræddu húsnæði í samræmi við hjálagðar teikningar dags. 22.10.'03.
Erindið samþykkt samhljóða, leyfisgjald.
Þorgrímur Kristinsson situr hjá vegna skyldleika.
2. Skúlagata 15. Stöðuleyfi fyrir bát.
Tomas Enok Thomsen sækir um stöðuleyfi fyrir bát í innkeyrslu við Skúlagötu 15 í vetur vegna viðhalds.
Erindið samþykkt samhljóða, leyfisgjald kr. 2.500.
3. Nestún 4. Bygging og stækkun á bílskúr.
Lárus Ástmar Hannesson sækir um leyfi fyrir byggingu á bílskúr. Einnig er sótt um leyfi fyrir lengingu á áður samþykktum teikningum um 1 m. í átt út að götu.
Erindið samþykkt samhljóða, leyfisgjald.
Bent er á að langhlið við lóðarmörk þarf að vera eldvarin og þakefni úr flokki T.
4. Laufásvegur 5. Sameining fasteigna.
Guðmundur Sigurður Þ. Lárusson óskar eftir því að efri og neðri hæðir hússins verði sameinaðar í eina fasteign.
Erindið samþykkt samhljóða, leyfisgjald kr. 2.500.
5. Reitarvegur 8. Tillaga að breytingu.
Kristinn Gestsson óskar eftir umsögn skipulags og byggingarnefndar, við tillögu Erlars Kristjánssonar, verkfræðings um breytingu á þaki dags. okt. 2003.
Tillagan fær góðan hljómgrunn.
6. Önnur mál.
 - a) SS veitingar, Narfeyrarstofa óskar eftir leyfi til að setja upp upplýsingarskilti við Narfeyrarstofu vísað er í bréf dags. 05.11.'03.
Erindinu frestað.
 - b) Austurgata 4a.
Gestur Hólm Kristinsson leggur fram teikningar af Austurgötu 4a. Óskað er eftir leyfi fyrir breytingu notkun á húsnæði, leyfi til að klæða húsið að utan og leyfi fyrir breytingu inni.
Erindið samþykkt samhljóða, leyfisgjald.

- c) Silfurgata 15.
Fyrir hönd eigenda að Silfurgötu 15, sækir Gretar D. Pálsson um leyfi fyrir því að fjærlægja rennur og reyk háf.
Erindið samþykkt samhljóða, leyfisgjald kr. 2.500.
- d) Kynntar vöru tillögur Íslenska Gámafélagsins um flokkun á sorpi og staðsetningu á gámum. Umræður fóru fram um tillögurnar. Erindinu frestað.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:30.

Gretar D. Pálsson,(sign.),
Dagný Þórisdóttir,(sign.),
Guðmundur Kristinsson,(sign.),
Helgi Haraldsson,(sign.),
Þorgrímur Kristinsson,(sign.),
Sveinn Björnsson,(sign.),
Þorbergur Bæringsson,(sign.).